

Mánudaginn 9. febrúar 1987.

Nr. 205/1986. **Axel Ström Óskarsson**

gegn

Malbikunarstöð Reykjavíkurborgar.

Synjað um frest. Máli vísað frá Hæstarétti. Ómaksbætur.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Magnús Thoroddsen, Guðmundur Skaftason og Halldór Þorbjörnsson.

Áfrýjandi skaut máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 2. júlí 1986, að fengnu áfrýjunarleyfi sama dag. Áfrýjað er fjárnámsgerð, er fram fór í fógetarétti Kjósarsýslu 4. október 1985. Málið var þingfest í Hæstarétti í október 1986 og þá frestað í þrjá mánuði til 7. janúar 1987. Krafðist áfrýjandi þá frekari frests til framlagn-ingar ágrips í málinu, aðallega til aprilmánaðar, en til vara styttri frests.

Stefndi mótmælti frekari fresti og krafðist þess, að málið yrði fellt niður, svo og ómakslauna úr hendi áfrýjanda.

Með úrskurði Hæstaréttar, uppkveðnum 16. janúar 1987, var áfrýjanda veittur frestur til 2. febrúar s.á. Er málið kom þá fyrir krafðist áfrýjandi enn frests til aprilmánaðar.

Stefndi krafðist þess að synjað yrði um hinn umbeðna frest og málið fellt niður.

Hvor aðilja krefst ómakslauna úr hendi hins.

Áfrýjandi kveðst óska eftir þessum fresti til að fram geti farið aðilja- og vitnaleiðslur í máli þessu.

Af hálfu stefnda er því haldið fram að hér sé einungis um fyrir-slátt að ræða af hálfu áfrýjanda í þeim tilgangi einum að tefja málið.

Hin áfrýjaða fjárnámsgerð fór fram 4. október 1985, svo sem að ofan getur.

Það er fyrst með bréfi 19. janúar 1987 til héraðsdómara í Hafnar-firði að lögmaður áfrýjanda, Kjartan Reynir Ólafsson hæstaréttar-lögmaður, óskar eftir aðilja- og vitnaleiðslum í málinu.

Verður að fallast á það með stefnda að áfrýjandi hafi þegar haft ærinn frest til að búa út mál sitt og er greinilegt að hann er vísvit-andi að draga mál þetta á langinn.

Ber því að synja frestbeiðni áfrýjanda og vísa málinu frá Hæstarétti.

Áfrýjandi greiði stefndu 7.500,00 krónur í ómakslaun.

D ó m s o r ð :

Máli þessu er vísað frá Hæstarétti.

Áfrýjandi, Axel Ström Óskarsson, greiði stefnda, Malbikunarstöð Reykjavíkurborgar, 7.500,00 krónur í ómaksbætur að viðlagðri aðför að lögum.

Þriðjudaginn 10. febrúar 1987.

Nr. 46/1987. **Ákærvaldið**

gegn

Gísla Wendel Birgissyni

Kærumál. Gæsluvarðhald. Gedheilbrigðisrannsókn.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Magnús Þ. Torfason, Guðmundur Skaftason og Guðrún Erlendsdóttir.

Varnaraðili hefur samkvæmt heimild í 3. tl. 172. gr. laga nr. 74/1974 skotið hinum kærða úrskurði til Hæstaréttar með kæru 4. febrúar 1987, en hún barst Hæstarétti 6. febrúar 1987. Hann krefst þess aðallega að hinn kærði úrskurður verði felldur úr gildi en til vara að gæsluvarðhaldstími verði stytur. Hann krefst og kærumálskostnaðar úr ríkissjóði.

Af hálfu ákærvalds er þess krafist að úrskurðurinn verði staðfestur.

Með skírskotun til forsendna hins kærða úrskurðar ber að staðfesta hann.

Kærumálskostnaður verður ekki dæmdur.

Kæra máls þessa var að ófyrirsynju.